

LÍOL2BV05

Búið til: Thu, 08 Nov 2012 17:25:54 GMT

Titill

Líffæra og lífeðlisfræði

Skammstöfun

LÍOL2BV05

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

Líffæra og lífeðlisfræði

Viðfangsefni

bein vöðvar

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum verður farið yfir helstu grunndvallaratriði í líffæra- og lífeðlisfræði. Þau atriði sem verður farið í eru meðal annars jafnvægisneigð, svæðaskipting, áttir, líkamshol, bygging frumunnar, frumulíffærin, flutningur efna yfir himnur, frumuskiptingar, vefi og vefjaflokka. Farið verður einnig yfir eftirfarandi líkamskerfi: Þekjakerfið (lagskipting húðar og líffæri húðar) Beinakerfið (beinmyndun, flokkum beina og beingrindin) Vöðvakerfið (hlutverk, bygging, vöðvasamdráttur, helstu vöðvar og hlutverk þeirra) Taugakerfið (taugafruma, taugaboð, taugaboðefni, taugaflækjur og sympatíska- og parasympatíska taugakerfið, miðtauga- og úttaugakerfið) Skynfærakerfið (skynfærin og hlutverk þeirra) Innkirtlakerfið (kirtlarnir, vakar þeirra og hlutverk)

Forkröfur

Inngangur að náttúruvísindum

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunnbyggingu og starfsemi mannslíkamans
- starfsemi frumna og vefjagerðar
- helstu líffærum og líffærakerfum og samspili þeirra í viðhaldi á samvægi í líkamanum
- byggingu og starfsemi þekju-, beina-, vöðva-, tauga- og innkirtlakerfis

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- útskýra byggingu og hlutverk þekju-, beina-, vöðva-, tauga- og innkirtlakerfis
- notast við latnesku fræðiheiti

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- átta sig á tengslum tveggja eða fleiri líffærakerfa ...sem er metið með... umræðum, skriflegum og munnlegum verkefnum og prófum

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd